


Samþykkt þann
7 MAR 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

Byggingarlýsing:

Sökklar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu, einangrun undir botnplötu og niður sökkla er 75mm plasteinangrun. Útveggir úr járnbentri steinsteypu, einangraðir innan frá með 100mm plasteinangrun.

Burðarveggir innan íbúða, sem og tvöfaldur veggur milli íbúða eru einnig úr járnbentri steinsteypu.
Aðrir, ekki berandi, innveggir verða hlaðnir. Allir veggir innan íbúðar verða múrhúðaðir.

Burðarvirki þaks eru timbursperrur, sem hvíla á burðarveggjum. Milli þeirra er loftuð einangrun, sem er 200 mm steinull. Þakklæðning, sem er 15 mm krossviður eða borðaklæðning, er negld ofan á burðarbita, síðan kemur polypropylene filtlag, þyngd 140 g/m², og efst kemur dúkur, Protan SE, sem er skrúfaður í flipa og bræddur saman á jöðrum. Þakhalli er 3°. Allt í samræmi við ísl. staðla um þakfrágang og ákvæði um reiknað vindálag. Þakkerfi frá Fagtúni. Sjá annars sérteikningar.

Loftræsing gluggalausra votrýma er um lóðréttar pípur upp úr þaki, vélræn loftræsing. Afköst: 2 loftskipti á klst.

Útihurðir, gluggar og allar tréklæðningar utan húss eru úr ólituðu mahogny, sem og einnig sorpgeymsla, sem stendur á steyptri plötu.

K-gler í gluggum.

Útveggir utandyra með ákösstuðum marmarasalla.

Vatn úr þerrilögn við lægsta hluta útveggja, sem ekki næst að leiða í regnvatnslögn, verður leitt í svelg innan lóðar.

Lóð verður látin halda sér ósnortinni eins og kostur er vegna byggingarvinnunnar og ekki er gert ráð fyrir neinum aðfluttum gróðri eða trjám né heldur að smíðaðir séu einhverjir skjólveggir.
Hæðarkótar lóðar við húsveggi eru ca. 25 cm undir gólfkótum þar sem því verður við komið. Hæðabreytingar frá náttúrulegri hæð lóðar eru hafðar í algeru lágmarki, sbr. hæðalínur skv. mælingum og áformaðar hæðir.

Íbúðum á jarðhæð eru ætlaðir sérnotafletir á lóð, sem eru undir svölum efri hæða. Þeir eru jafn stórir og eins í laginu og svalaflöturinn, sem skagar út fyrir útveggi neðri hæðanna.

Gerð girðinga á lóðamörkum ákveðast í samráði við lóðahafa grannlóðanna. Sérteikningar af þeim lagðar fram, þegar það samkomulag liggur fyrir.

Kólnunartölur U-gildi (W/m²C)
Hámarksgildi kólnunartalna:

| | |
|---|---|
| Þak | 0,20 |
| Útveggir | 0,40 |
| Gólf á fyllingu | 0,30 |
| Gluggar, karmar, gler,vegið meðaltal | 2,00 |
| Útveggir, vegið meðaltal | 0,85 |

26/2 07

VERKFRÆÐISTOFA HALLDÓRS HANNESSONAR
GUNNARSSUNDI 10 HAFNARFIRÐI

Drekavellir 4 Hafnarfirði
Afstöðumynd og
Byggingarlýsing

Mkv. 1 : 200
Reiknað: H H
Teiknað: J H
Kt. hönnuðar:
Breytt: 28. feb 2007

Verk: Drekavellir 4 Teikn.nr.:4 fyrir Bygg.nefnd Dags.: 21.02. 2005